

Sp.

321. Tillaga til þingsályktunar

um bráðabirgðafrestun nokkurra laga.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi frv. um að fresta til ársins 1958 framkvæmd allrar þeirrar löggjafar um kennslu- og fræðslumál, sem sett var á árunum 1945 og 1946.

Greinargerð.

Fjármálum landsins er nú þann veg komið, að skattar og aðrar lögmæltar tekjur ríkissjóðs nægja ekki fyrir venjulegum útgjöldum, og hlýtur sú aðstaða að fara versnandi enn um stund. Ríkið og ríkisstofnanir munu nú skulda um tæpar 90 milljónir í lausaskuldum, en auk þess er ætlað til, að stjórnin bæti við þá skuld yfir 20 milljónum vegna fiskábyrgðar 1947. Nálega öll þessi lán frjósa á vegum þjóðfélagsins, og er um leið eytt miklu af því handbæru fé, sem atvinnuvegirnir verða að styðjast við til daglegra þarfa.

Undir forustu Brynjólfs Bjarnasonar í menntamálaráðherraátt hans var gerð margbreytt og ákaflega dýr breyting á skólalöggjöfinni. Gert var ráð fyrir að bókmennta alla Íslendinga með skólagöngu, en um leið var allt gert til að fæla æskuna frá líkamlegri vinnu, og ekki stofnsett eitt einasta verkstæði á öllu landinu til skólakennslu, þó að milljónum króna væri eytt í húsakynni til bókfræðslu. Samkvæmt þessari löggjöf hefur komið til orða að safna öllum sveitabörnum úr heilli sýslu í einn heimavistarskóla, og sviplíkar ráðagerðir eru uppi hafðar víðar á landinu. Skipulagið stefnir að því að geyma börnin í heimavistarskóla frá 7—13 ára. Bæta síðan við heimavistarskólum ungmenna 13—15 ára. Enn á að vera til heimavist fyrir unglíngana til 16—17 ára aldurs, en þá tekur við menntaskólanám fyrir þá Íslendinga, sem hægt er með daglegri elju að koma gegnum þar til heyrandi próf. Allir geta þá orðið stúdentar tvítugir. Síðan tekur háskólinn við. Einna lengst er komið námsskipulagi lækna. Þeir þurfa, með minni háttar spítalanámi, 8 ár til að fá læknaáttindi. Síðan þykir flestum hóflegt að bæta við 4 ára framhaldsnámi erlendis. Aðrar háskóladeildir sækja fram með svipuðum vinnubrögðum. Þessi skólaganga er sennilega allhentug fyrir litinn hóp manna, sem eiga að gegna vissum embættisstörfum. Hitt verður að telja fráleitt, að 15—20 ára bóknám á skólabekk geri menn mjög hæfa til að verða vinnugarpar við búskap, fiskveiðar, siglingar, vefnað eða smíði. Nýverið voru auglýst 10 læknaáttir sveitahéruð. Menn, sem hafa verið hálfá ævina á skólabekk, sækja ekki í þær stöður, þó að landsfólkið allt hafi eytt miklum fjárhæðum í skólakostnað þeirra vegna.

Hin nýja löggjöf var vanhugsað fljótfærnisverk. Gagnið af þess háttar ítrodningi er vafasamt, en útgjöldin óviðráðanleg. Í eina tegund skóla þarf, eftir kröfum laganna, að bæta við 100 kennurum. Hver kennslustofa með öllu tilheyrandi kostar 100 þús. kr. Skálholtsskóli uppkominn, með 50 heimavistum, mundi nú kosta 10 milljónir. Lágt launaðir kennarar kosta ríkið 25—30 þús. kr. En kennarar í betri stöðum komast með aukakennslu upp í 59—60 þús. Dýra aukakennslan margfaldast við þörf hins mikla fjölda barna og unglíngna, sem eru lögskylduð inn í hið nýja skólakerfi. Samkvæmt skýrslu fræðslumálaskrifstofunnar til Alþingis þarf á núgildandi fjárlögum nærfellt 14 milljónir kr. til húsagerðar fyrir barna- og unglíngfræðslu. Þar fyrir utan koma kröfur menntaskóla, háskóla, iðnfræðslu sjómanna og bænda.

Ef ekki tekst að spara á fjárlögum yfirstandandi árs 20—30 milljónir, verður ekki hægt að halda áfram verklegum framkvæmdum, svo sem hafnarbótum, vitarbyggingum og gerð vega og smíð brúa. Skólakerfi Brynjólfs Bjarnasonar er strandað að flestu leyti nema útgjöldum, og það verður aldrei framkvæmt, sökum dýrleika og smíðisgalla. Er hér lagt til að fella kerfið allt úr gildi um 10 ára skeið. Aðrir þingmenn munu benda á ýmis önnur atriði, sem þarf að gerbreyta, t. d. þegar efnamenn fá ríkismeðgjöf með börnum sínum, eða þegar 20 bændur í efnalitilli sveit verða að gjalda 30 þús. kr. í ellitryggingarsjóð. Þetta fé er tekið úr franleiðslu efnalitilla, en harðduglegra manna og raunverulega fryst. Mér er ljóst, að gerbreyta þarf fjölmörgum liðum fjárlaganna, en legg til, að tekinn sé sá útgjalda-liðurinn, sem á minnstan rétt á sér af allri hinn vafasömu fjársóunarlöggjöf síðustu ára.